

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokks

Lagt er til að frá og með 1. janúar 2023 taki til starfa starfshópur þriggja kjörinna fulltrúa í skóla- og frístundaráði, tveir frá meirihluta og einn frá minnihluta. Verkefni starfshópsins er að tryggja að allar upplýsingar sem berast skóla- og frístundasviði um húsnæði, þar sem starfsemi fer fram á þess vegum, og telja verður óviðunandi, svo sem vegna myglu, verði eins skjótt og kostur er, komið til starfshópsins. Starfshópurinn setur sér nánari starfsreglur, m.a. með hvaða hætti upplýsingum verði miðlað til annarra fulltrúa skóla- og frístundaráðs.

Greinargerð:

Í nokkur ár í röð hefur hvert „myglumálið“ komið upp í húsnæði sem notað er undir starfsemi sem fellur undir skóla- og frístundasvið Reykjavíkur. Í dæmaskyni mætti nefna grunnskólana Fossvogsskóla, Hagaskóla, Vogaskóla og leikskólana Árborg, Grandaborg, Nóaborg og Sunnuás. Upplýsingagjöf til kjörinna fulltrúa um þessi viðfangsefni hefur verið ófullnægjandi, upplýsingar hafa borist seint og illa. Ótækt er að ekki sé veitt yfirlit með reglulegum millibili um hver sé staða mála að þessu leyti. Tillagan gengur út á að leysa þessi viðfangsefni með stofnun starfshóps kjörinna fulltrúa sem hafi umboð til að tryggja að upplýsingagjöfin til ráðsins um þessi atriði verði markvissari, gegnsærri og skjótari.